

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

10 greinar sem má sleppa úr sáttmálanum

42 hópar skiluðu

| Þær ástæður sem oftast eru gefnar upp fyrir því að taka greinar úr sáttmálanum eru "kemur fram í öðrum greinum" og "ekki jafn mikilvægt og annað" og "ætti að vera augljóst." Nokkrir hópar tóku fram að þær gætu ekki klárað að "taka út" fleiri en fjórar til sex greinar af því að "allt væri svo mikilvægt." | | | |
|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|------------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Grein númer | Fjöldi sem nefna | Dæmi um rökstuðning | Innihald greinarinnar Sótt af vef umboðsmanns barna: http://www.barnasattmali.is/barnasattmalinn/barnasattmalinnstyttritugafa.html |
| 38 | 20 | "Flestir vilja hvort sem er ekki fara í herþjónustu." "Á ekki við í Garðabæ." | Tryggja skal börnum á átakasvæðum vernd og umönnun. Börn yngri en 15 ára eiga ekki að taka þátt í vopnaviðskiptum eða sinna herþjónustu. |
| 41 | 20 | "Það er nóg að barnasáttmálinn gildir." "Vegna þess að börn eru með nógu mikinn rétt á Íslandi nú þegar." | Ef lög og reglur aðildarríkja eða alþjóðalög tryggja börnum betri rétt en segir til um í Barnasáttmálanum skulu þau gilda framar honum. |
| 15 | 18 | "Það er mjög líklegt að það fari úr böndunum." "Börnum líður vel þótt þau stofni ekki félög." "Ekki mikilvægt miðað við margt annað." | Börn eiga rétt á að mynda félög og koma saman með friðsömum hætti nema það brjóti gegn réttindum annarra eða ógni öryggi þjóðarinnar. |
| 1 | 16 | "Foreldrar geta fremur ákveðið hvenær barnið er fullorðið." "Barn ætti að vera eftir einstaklingi. Sumir geta verið 20 og eru að hegða sér eins og 5 ára barn. Barnasáttmálinn ætti að gilda fyrir alla sem hafa þroska á við Barn." "Ekki alla unglunga langar til að vera kallaðir börn." "Þetta ætti frekar að vera í "óskrifuðum reglum"." | Barn er einstaklingur undir 18 ára aldri, nema lög heimalands þess segi annað. |
| 42-45 | 16 | "Það þarf ekki að kynna barnasáttmálann." "Þessi grein þarf ekki að vera en það þarf samt að gera þetta." "Fólk getur kynnt sér þetta sjálft á netinu eða í bæklingum." | Aðildarríki skuldbinda sig til að kynna meginreglur og ákvæði Barnasáttmálans víða með viðeigandi og virkum hætti, jafnt börnum og fullorðnum. Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna fylgist með að aðildarríkin framfylgi Barnasáttmálanum. Aðildarríkin gefa Sameinuðu þjóðunum skýrslur um hvað þau hafa gert til þess að uppfylla sáttmálann. |

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

10 greinar sem má sleppa úr sáttmálanum

42 hópar skiluðu

| | | | |
|-------|----|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 29 | 15 | "Nánast það sama og grein 28." "Svo lengi sem við höfum rétt á menntun ættum við að komast af án auka aðstoðar." | Menntun á gefa börnum tækifæri til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og undirbúa þau til að lifa ábyrgu lífi í frjálsu þjóðfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, jafnréttis kynjanna og vináttu allra þjóða og þjóðernishópa. Stuðla ber að virðingu fyrir mannréttindum, mismunandi menningarlegri arfleifð, tungu og gildismati, öðru fólki og náttúrulegu umhverfi mannsins. |
| 17 | 13 | "Af því að þetta eru forréttindi." "Jafnvel þótt börn fái ekki upplýsingar frá útlöndum geta þau fengið þær frá fjölskyldu." "Sumar upplýsingar eru ekki góðar fyrir börn, t.d. um fjöldamorð í Sýrlandi." "Því það getur verið mjög dýrt að allir hafi aðgang að öllum upplýsingum í heimi." "Þú verður bara að prófa þig áfram í lífinu án upplýsinga." | Börn skulu hafa aðgang að innlendum og erlendum upplýsingum og öðru efni sem stuðlar að ahlíða þroska þeirra og sem þau njóta góðs af félagslega og menningarlega. Aðildarríkjum ber jafnframt skylda til að vernda börn fyrir efni sem skaðað getur velferð þeirra. |
| 46-54 | 13 | "Sum ríki eiga ekki rétt á þessu." "Þetta þarf varla að vera skráð í sáttmálanum." | Öll ríki mega gerast aðilar að Barnasáttmálanum. Í þessum hluta er fjallað um undirritun, fullgildingu og endanlegan frágang Barnasáttmálans, hvernig ber að framfylgja honum og ýmis tæknileg atriði er lúta að honum. |
| 10 | 12 | "Þau geta hringt og talað við aðra fjölskyldumeðlimi." "Ef foreldri býr í öðru landi og barn kys að hafa ekki samband við það þá er það í lagi." | Barn sem á foreldra búsetta í mismunandi ríkjum á rétt á að halda persónulegum tengslum við þá báða ef mögulegt er. Aðildarríkjum ber að stuðla að sameiningu eða endurfundum sundraðra fjölskyldna með því að auðvelda ferðir milli ríkja. |
| 30 | 12 | "Fólk á að taka þátt í okkar þjóðfélagi." | Börnum sem tilheyra minnihlutahópum skal ekki bannað að njóta eigin menningar, iðka eigin trú eða nota eigið tungumál í samfélagi með öðrum í hópnum. |
| 32 | 11 | "Börn eiga ekki að vinna." "Það eru svo fáir að vinna mikið með skóla." | Börn eiga rétt á vernd gegn arðráni og vinnu sem spillir eða hindrar nám þeirra eða skaðar heilsu þeirra og þroska. Ríki skulu setja lög um vinnuvernd barna. |
| 40 | 11 | | Barn sem er grunað, ásakað eða fundið sekt um afbrot á rétt á réttlátri málsmeðferð sem styrkir vitund þess um manngildi, virðingu fyrir mannréttindum og tekur tillit til aldurs þess. Börn sem brjóta af sér eiga rétt á viðeigandi lögfræðiaðstoð, meðferð og endurhæfingu. Aðildarríkin skulu lögbinda sakhæfisaldur. |

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

10 greinar sem má sleppa úr sáttmálanum

42 hópar skiluðu

| | | | |
|----|----|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 11 | 10 | "Brottnám er nánast óþarft á landinu." | Aðildarríkin skulu tryggja það að börn séu ekki flutt ólöglega úr landi og haldið erlendis og skulu gera um það samninga við önnur ríki. |
| 22 | 10 | "Lítið af þeim héraðs." | Börn sem telja sig vera eða eru talin flóttamenn eiga rétt á vernd og stuðningi hvort sem þau eru ein eða í fylgd foreldra eða annarra. Jafnframt skal börnunum tryggð aðstoð við að leita uppi foreldra eða fjölskyldu. |
| 26 | 10 | "Þau geta fengið aðstoð á annan hátt." "Ekki jafn mikilvægt og margt annað." | Börn eiga rétt á félagslegri aðstoð og bótum, ef við á, og skulu yfirvöld tryggja þann rétt. |
| 36 | 10 | "Þetta er nánast það sama og í gr. 34 og 19." "Það er búið að telja upp flestar misnotkunar leiðir." | Börn eiga rétt á vernd gegn hvers kyns annarri misnotkun sem á einhvern hátt getur stefnt velferð þeirra í hættu. |
| 7 | 9 | "Þótt barn eigi ekki nafn eða ríkisfang skaðar það ekki barnið sjálft." "Börnin geta bara verið kölluð einhverju nafni." "Það er ekki lífsnauðsynlegt að vera skráður eða skírður." | Börn skal skrá við fæðingu. Þá eiga þau einnig rétt á nafni og ríkisfangi og að þekkja og njóta umönnunar foreldra sinna eftir því sem unnt er. |
| 12 | 9 | "Nánast það sama og grein 13." "Við höfum hvort eð er ekki svo mikil áhrif." | Börn eiga rétt á að láta í ljós skoðanir sínar í öllum málum er varða þau og að tekið sé réttmætt tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur þeirra og þroska. Börnum skal veitt tækifæri til að tjá sig um eigin málefni við málsmeðferð fyrir dómi eða stjórnvaldi. |
| 14 | 9 | "Börn þurfa ekki að segja á hvað þau trúá." "Vegna þess að engin trú hefur verið sönnuð." | Aðildarríki skulu virða rétt barna til frjálsrar hugsunar, sannfæringar og trúar. Aðildarríkjum ber að virða rétt og skyldur foreldra til að leiðbeina börnum sínum í þeim efnum. |
| 25 | 9 | "Oftast geta þau séð um sig sjálf." | Barn sem vistað er utan heimilis síns og fjarri fjölskyldu sinni, til þess að vernda líkamlega eða andlega heilsu þess, á rétt á því að stjórnvöld hafi reglulega eftirlit með meðferð og aðstæðum á stofnuninni eða heimilinu sem barnið dvelst á. |
| 34 | 9 | "endurtekning" | Börn eiga rétt á vernd gegn hvers kyns kynferðislegu ofbeldi, s.s þátttöku í hvers kyns kynferðislegri háttsemi, vændi eða klámi. |
| 39 | 8 | | Tryggt skal að börn sem sætt hafa vanrækslu, misnotkun, grimmilegri eða vanvirðandi meðferð eða eru fórnarlömb átaka fái viðeigandi meðferð til að ná bata og aðlagast samfélaginu. |

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

10 greinar sem má sleppa úr sáttmálanum

42 hópar skiluðu

| | | | |
|----|---|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 8 | 7 | "Það er ekki nauðsynlegt að ríkið geymi persónulegar upplýsingar barna." "Börn geta lifað vel án persónulegra auðkenna." | Aðildarríkjum er skylt að virða rétt barns til að halda persónulegum auðkennum sínum svo sem ríkisfangi, nafni og fjölskyldutengslum. |
| 13 | 7 | "Nánast það sama og grein 14." | Börn eiga rétt á að tjá sig nema það brjóti gegn almennu siðgæði, skaði mannorð eða brjóti gegn réttindum annarra. Börn eiga rétt á að leita sér upplýsinga, taka við upplýsingum og koma þeim á framfæri. |
| 31 | 6 | "Tómstundir eru forréttindi." "Börn geta hreyft sig og skemmt sér án þess að vera að stunda þá íþrótt sem þau langar." | Börn eiga rétt á hvíld, tómstundum, leikjum og skemmtunum sem hæfa aldri þeirra og til frjálsrar þátttöku í menningarlífi og listum. |
| 35 | 6 | | Aðildarríki skulu gera allt sem við á til að koma í veg fyrir brottmál barna og verslun með börn í hvaða tilgangi sem er. |
| 6 | 5 | "Öll börn þroskast á einhvern hátt." | Sérhvert barn á meðfæddan rétt til lífs og skulu aðildarríkin tryggja að það megi lifa og þroskast. |
| 9 | 5 | "Börn ættu alveg að geta lifað eðlilegu lífi hjá frændfólki." | Aðildarríki skulu tryggja að börn verði ekki skilin frá foreldrum sínum nema ef velferð barnanna verður ekki tryggð með öðru móti. Barn sem ekki elst upp hjá báðum foreldrum á rétt á að umgangast þá báða reglulega nema það sé andstætt hagsmunum þess. |
| 16 | 5 | "Þetta á að vera sjálfsagt, það á ekki að þurfa að vera regla um þetta." | Börn eiga rétt á vernd gegn gerræðislegum eða ólögumætum afskiptum af einkalífi sínu, fjölskyldu, heimili, bréfum og gegn árásum á mannorð. |
| 33 | 5 | "Því að allir mega reykja." "Það er á barnanna ábyrgð." "Við verðum bara að passa okkur sjálf." | Börn eiga rétt á vernd gegn ólöglegri notkun ávana- og fíkniefna og gegn því að þau séu notuð við ólöglega framleiðslu slíkra efna og verslun með þau. |
| 37 | 5 | | Börn sem svipt eru frelsi sínu eiga rétt á mannúðlegri meðferð, lögfræðilegri og/eða annarri aðstoð til að fá mál sitt borið undir dómstól eða stjórnvald og rétt á að fá skjótan úrskurð í málinu. Ekki má beita börn pyndingum eða annarri grimmilegri, ómannúðlegri eða niðurlægjandi meðferð eða refsingu. Ekki skal dæma börn til dauða eða í lífstíðarfangelsi án möguleika á lausn. Börn í fangelsum eða sambærilegum stofnunum eiga rétt á að halda sambandi við fjölskyldur sínar. |

Barnasáttmáli Sameinuðu Þjóðanna

10 greinar sem má sleppa úr sáttmálanum

42 hópar skiluðu

| | | | |
|----|---|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 18 | 4 | "Þetta er mikilvægt en það þurfa ekki alltaf að vera foreldrar sem taka ábyrgð á börnunum. Það er betra en það getur líka alveg verið fjölskyldumeðlimur eða einhver nán manneskja." | Foreldrar bera sameiginlega ábyrgð á uppeldi barna sinna og skulu taka mið af því sem börnunum er fyrir bestu. Stjórnvöldum ber að veita foreldrum viðeigandi aðstoð við að rækja uppeldisskyldur sínar og sjá til þess að byggðar séu upp stofnanir og þjónusta veitt til umönnunar barna. |
| 20 | 4 | "Foreldrar eiga að sjá um börn sín." "Þetta á að vera sjálfsagt." | Barni sem getur ekki búið hjá fjölskyldu sinni, tímabundið eða til framtíðar, skal tryggð önnur umönnun, s.s. fóstur, ættleiðing eða vistun á stofnun sem annast börn. |
| 3 | 3 | "Það er sagt mjög svipað í 27. grein og það þyrfti ekki að segja það mörgum sinnum." | Allar ákvarðanir eða ráðstafanir yfirvalda er varða börn skulu byggðar á því sem er börnum fyrir bestu. Setja á lög og reglur sem tryggja börnum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Aðildarríki eiga að sjá til þess að stofnanir og þjónusta sem annast börn uppfylli reglur sem stjórnvöld hafa sett, sérstaklega um öryggi, heilsuvernd, fjölda og hæfni starfsmanna og yfirumsjón. |
| 4 | 3 | "Foreldrar geta tryggt að barnið fái þau réttindi sem þau eiga að fá." | Aðildarríki eiga að tryggja börnum þau réttindi sem Barnasáttmálinn kveður á um eftir því sem þau framast geta, m.a. með lögum og reglum. Ríkin skulu hjálpast að þannig að öllum börnum verði tryggð þessi réttindi. |
| 5 | 3 | "Þetta er mikilvægt en ekki eins mikilvægt og annað." | Aðildarríki eiga að virða ábyrgð, réttindi og skyldur foreldra til að veita börnum sínum leiðsögn og stuðning í samræmi við þroska þeirra. |
| 21 | 3 | "Ættleiðing er í lagi þótt stjórnvöld viti ekki af því." | Þegar börn eru ættleidd innanlands eða á milli landa skal það gert með leyfi stjórnvalda. Alltaf skulu hagsmunir barnanna hafðir að leiðarljósi. |
| 23 | 3 | "Þau eiga að vera jöfn öllum öðrum." | Andlega eða líkamlega fötluð börn eiga að búa við aðstæður sem tryggja virðingu þeirra og stuðla að sjálfsbjörg þeirra og virkri þátttöku í samfélaginu. Þau skulu njóta sérstakrar umönnunar, eiga aðgang að menntun, þjálfun, heilbrigðisþjónustu, endurhæfingu, starfsundirbúningi og tómstundaiðju. |

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

10 greinar sem má sleppa úr sáttmálanum

42 hópar skiluðu

| | | | |
|-------|---|--------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 2 | 1 | "Þetta er óþarft." | Öll börn skulu njóta réttinda Barnasáttmálans án tillits til kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúar, stjórnmalaskoðana, ætternis, fötlunar, félagslegrar stöðu eða annarra aðstæðna þeirra eða stöðu eða athafna foreldra þeirra. |
| 24 | 1 | "Þetta er sjálfsagt, það eiga allir að vita þetta án reglu." | Börn eiga rétt á njóta besta mögulegs heilsufars sem hægt er að tryggja, s.s. með lækniástoð og heilbrigðisþjónustu. Aðildarríki skulu gera ráðstafanir til að draga úr barnadauða, berjast gegn sjúkdómum og vannæringu, stuðla að fræðslu um heilbrigt líferni og reyna að ryðja úr vegi hefðum sem eru skaðlegar heilsu barna. Barnshafandi konur og mæður ungbarna eiga rétt á heilsugæslu. |
| 27 | 1 | | Börn eiga rétt á að búa við aðstæður sem stuðla að líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska og bera foreldrar höfuðábyrgð á lífsskilyrðum og framfærslu barna sinna. Aðildarríki skulu tryggja foreldrum fjárhagsástoð og stuðningsúrræði ef þörf krefur. Jafnframt skulu aðildarríkin tryggja hverju barni innheimtu framfærslueyris frá þeim sem ber fjárhagslega ábyrgð á barninu, hvort sem viðkomandi býr innanlands eða í útlöndum. |
| 28 | 1 | | Börn eiga rétt á grunnmenntun án endurgjalds og skulu eiga kost á framhaldsmenntun og upplýsingum og ráðgjöf um nám og störf. Aðildarríkjum ber að koma á skólaskyldu, gera ráðstafanir sem stuðla að reglulegri skólasókn og reyna að draga úr brottfalli nemenda. Agi í skólum skal samrýmast mannlegri reisn barnsins og vera í samræmi við sáttmála þennan. |
| 34-35 | 1 | "Þessar greinar gætu sameinast í eina grein." | Vernd gegn kynferðislegu ofbeldi og brottnámi, sjá ofar |